Akureyrarbær

Öldungaráð - 27 - Fundargerð

27. fundur
miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 13:00 – 15:00
Fundarsalur á 2. hæð í Ráðhúsi

Nefndarmenn
Hjálmar Pálsson formaður
Hildur Brynjarsdóttir
Brynjólfur Ingvarsson
Hallgrímur Gíslason fulltrúi EBAK
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fulltrúi EBAK
Þorgerður Jóna Þorgilsdóttir fulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir fulltrúi HSN

Starfsmenn
Halla Birgisdóttir Ottesen forstöðumaður
tómstundamála ritaði fundargerð

---

1. Áskorun um þátttöku í skilgreindu þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu
2023030277

Stjórn Félags eldri borgara á Akureyri leggur til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar leitist eftir þátttöku í skilgreindu þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu sem veitt er eldra fólki í heimahúsum undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn. Verkefninu eru gerð skil í liðum A1-A7 í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027. Þá tillögu á að afgreiða á Alþingi vorið 2023.
Karólína Gunnarsdóttir settur sviðsstjóri velferðarsviðs og Bergdís Bjarkadóttir forstöðumaður sátu fundinn undir þessum lið.

Öldungaráð tekur undir með stjórn Félags eldri borgara á Akureyri (EBAK) og leggur til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar leitist eftir þátttöku í skilgreindu þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu sem veitt er eldra fólki í heimahúsum undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn.
Verkefninu eru gerð skil í liðum A1-A7 í tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027. Þá tillögu á að afgreiða á Alþingi vorið 2023.

2. Máltíðir fyrir eldri borgara
2021023268

Umræður um hádegismat og niðurgreiðslu á honum í Birtu og Sölku - félagsmiðstöðvum fólksins.

Öldungaráð bendir á að aðgengi eldra fólks á Akureyri að hollri næringu sé áhyggjuefni og hvetur bæjaryfirvöld til að leita leiða til að fá hádegismat á viðráðanlegu verði fyrir eldra fólk í Birtu og Sölku.

3. Málefni Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hlíðar
2023031287

Öldungaráð lýsir yfir miklum áhyggjum af málefnum Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hlíðar og hvetur alla hlutaðeigandi aðila til að leysa málin sem fyrst.

Fundi slitið.